

KRISTJÁN ÁRNASON

Málstefna 21. aldar

Grein þessi er endurskoðaður texti erindis sem flutt var á málræktarþingi í Hafnarfirði þann 17. nóvember 2001. Við samningu þess erindis var meðal annars stuðst við drög að stefnuskrá Íslenskrar málnefndar sem unnið hafði verið að í sérstökum vinnuhópi á vegum málnefndarinnar. Í þeim hópi áttu sæti auk mín Ari Páll Kristinsson, Baldur Sigurðsson, Melkorka Tekla Ólafsdóttir og Svala Valeimarsdóttir. Ég vil þakka þeim öllum fyrir samstarfið en ýmsar hugmyndir, sem hér eru reifaðar, hafa komið frá þeim eða urðu til á fundum hópsins. Það sem hér er sagt er þó eingöngu á mína ábyrgð. –Höf.

Auk Kristjáns töluðu á málræktarþinginu 2001 Ari Arnalds, Auður Hauksdóttir, Karl Blöndal og Egill Helgason. –Ritstj.

Málrækt, málstjórn og málpólitík

Innan málvísinda hefur þróast hefð fyrir nýrri undirgrein sem kalla mætti *málræktarfræði*. Hún fjallar, eins og nafnið bendir til, um það hvernig málrækt eða málstýring á sér stað. Í ljósi þessara fræða má gera greinarmun á hugtökunum *málrækt*, *málstjórn* og *málpólitík* (sbr. t.d. grein Ara Páls Kristinssonar í *Lesbók Morgunblaðsins* 17. mars 2001).

Orðið (*íslensk*) *málrækt* má nota um alla viðleitni til að rækta íslenskt mál sem þjálan og hentugan tjáningarmiðil og sjónarmið, sem tengjast því starfi, mega kallast málræktarsjónarmið. Einnig má nota þetta orð um hagnýtar rannsóknir og málfarsráðgjöf, ásamt vinnu að smíðum hjálpartækja (orðabóka, tölvuforrita og leiðbeininga ...) sem nýtast almenningi og sérfræðingum í meðferð íslensku í ræðu og riti.

Orðið *málstjórn* er hugsað sem þýðing á hugtaki málvísindamannsins Einars Haugens, *language planning*. (Önnur orð, sem til greina koma, eru *málstýring*, *málstjórnun* eða *málskipulagning*.) Þetta er víðara hugtak en málrækt og tekur ekki bara til málræktar, heldur til allra meðvitaðra eða ómeðvitaðra tilrauna til að hafa áhrif á viðgang og form tungumála, þar með talið stöðu þeirra hvers gagnvart öðru. Að svo miklu leyti sem þessir hlutir koma fram í opinni stjórn málaumræðu má hér einnig tala um *málpólitík*. Málstjórn og málpólitík snýst meðal annars um réttarstöðu tungumála og notkunargildi á hinum og þessum sviðum mannlífsins. Einnig ræðir hér um stöðu einstaklinga gagnvart tungumálum. Hér á landi tekur málstjórn því jafnt til íslensku sem annarra tungumála sem hér eru notuð eða kennd og getur t.d. snúist um rétt manna til að nota tungumál sitt.

Í þessu sambandi má einnig minna á greinarmun sem fræðimenn og málræktarmenn gera milli þess sem mætti kalla *formstjórn* (*corpus planning*) og *stöðustjórn* í málrækt. Í íslensku samhengi snýst formstjórn um það t.d. hvernig bregðast á við tilhneigingum til breytinga í málinu, ásókn tökuorða o.þ.h. Stöðustjórn snýst hins vegar um hluti eins og notkunarsvið, um það á hvaða sviðum mannlífsins (vísindum, listum, bókmenntum, heimilum ...) tungumál er gilt sem miðill. Stundum er hér talað um *umdæmisvanda* og þegar tungumál er ekki notað eða hættir að vera notað á tilteknum sviðum mannlífsins má tala um *umdæmissi* (d. *domænetab*) en það er um þessar mundir mikið áhyggjuefni málræktarmanna á Norðurlöndum. Menn

óttast að danska, norska og sænska víki fyrir ensku á mikilvægum sviðum mannlífsins, svo sem í atvinnurekstri, tækni og vísindum.

Mikilvægur þáttur í málstjórn og málrækt er miðlun tungumálsins til nýrra þjóðfélagsþegna, frá einni kynslóð til annarrar, hvort sem er á heimili, í skóla eða annars staðar í þjóðfélaginu og einnig til innflytjenda.

Íslensk málrækt snýst því ekki bara um sjálft form íslenskrar tungu og rækt við það, heldur eru hér einnig á ferðinni spurningar sem snúast um málpólítík, almennt um málefni íslensku og annarra tungumála í menningarlegu, stjórnmalalegu og efnahagslegu samhengi. Þessir þættir tengjast íslenskum stjórnmalum á margan hátt enda hafa stjórnmalamenn jafnan haft skilning og áhuga á þessum þáttum, t.d. í tengslum við menntastefnu.

Í ljósi þessara málræktarfræða má segja að vandi málræktar hér á landi sem annars staðar sé tvíþættur: *formvandi* og *umdæmisvandi*. Formvandinn snýst um val á staðli og formi hans, hvað sé talið rétt og rangt, viðeigandi eða ekki. Hvað telst góð og gild íslenska og hvað ekki? Hinn vandinn er spurningin um stöðu tungumála hvers gagnvart öðru, í okkar tilviki auðvitað íslensku gagnvart öðrum tungum. Þetta er spurning um notkunarsvið sem kalla má umdæmisvanda.

Ég er ekki í vafa um að meginvandi íslenskrar málræktar á þeirri öld, sem nú er nýbyrjuð, verður þessi umdæmisvandi. Þetta er spurningin um sambúð íslensku við aðrar tungur, fyrst og fremst ensku. Hugsanlegt er að málstjórn í víðum skilningi verði eitt af mikilvægustu viðfangsefnum í stjórnmalum framtíðarinnar á Íslandi.

Formvandinn

Formvandinn hér á landi er (eða a.m.k. var þar til fyrir fáeinum misserum) afskaplega einfaldur viðfangs. Við eigum (eða höfum átt) í sáralitlum erfiðleikum með að koma okkur saman um það hvað sé rétt og rangt í íslensku máli. Þær smáskærur, sem annað slagið eiga sér stað um hvort leyfa eigi hitt eða þetta tökuorð eða hvort segja eigi *mér langar* eða *mig langar*, eru smávægilegar gárur á afskaplega lygnu vatnsglasi og hreinn hégómi miðað við það sem margar aðrar þjóðir þurfa að fást við. Ekki þarf lengra að líta en til Noregs til að láta sannfærast um það. Formvandi norskkunnar, álitamálin um það hvað sé góður staðall, sem allir geta sætt sig við, er margfalt stærri en okkar vandi. Einsleitni íslenskunnar, bæði söguleg og samtímaleg, er einstakt happ, sem Íslendingar eiga að nýta sér til þess einbeita sér að því að horfast í augu við hinn raunverulega vanda sem blasir við málrækt á nýbyrjaðri öld, vandann um notkunarsvið íslensku.

Nokkuð bólar á því að menntamenn séu að hnýta í þá hefð sem hér hefur ríkt og tala um hreintungustefnu sem einhvers konar kúgunartæki gegn þeim sem minna mega sín. Ég tel að almenningur í landinu taki ekki mikið mark á slíku. Gera má ráð fyrir að almenningur og stjórnmalamenn, sem starfa í umboði hans, átti sig á mikilvægi þess að viðhalda hinum íslenska málstaðli og sporna gegn of miklum breytingum á honum.

Ritstaðlar

Athygli málvísindamanna hefur á síðustu árum beinst í auknum mæli að þeim almennu lögmalum sem gilda um málstöðlun. Um þetta gilda ákveðin lögmal og málstaðlar verða til við vissar aðstæður.

Bókmenntir ráða miklu um þróun málstaðla. Handhæg viðmiðun í enskri málsögu er t.d. að miða fornensku við Bjólfskviðu, miðensku við Chaucer og nútímaensku við Shakespeare. Bókmenntirnar skapa reglur og venjur, sem fylgt er, eins og hinn íslenska sagnastíl. Íslenska varð ritmál fyrr en margar aðrar

Evróputungur nútímans og samhengið í málþróuninni, hin mikla íhaldssemi og einsleitni miðað við frændtungurnar, á rætur að rekja til bókmenntanna fyrst og fremst. Þáttur fornbókmenntanna í mótun og viðhaldi íslenskrar tungu á síðari öldum verður seint ofmetinn. Mál fornbókmenntanna er fyrirmyndin að staðli íslensks nútímamáls. Í rauninni má segja að Snorri Sturluson og Halldór Kiljan Laxness hafi skrifað á sama tungumáli.

Opinberri stjórnsýslu og lagasetningu fylgir stöðlun tungumáls en trúarbrögð og trúarstofnanir geta gegnt svipuðu hlutverki og ríki. Notkun tungumáls í trúarritum hefur það í för með sér að til verður fyrirmynd eða viðmiðun, með öðrum orðum staðall, sem heldur saman samfélögum og hópum mállýskna sem miða sig við staðalinn.

Sjálfstætt ríki eins og Ísland krefst opinbers *ritmálsstaðals*. Fáum virðist detta annað í hug en að opinbert mál hér á landi eigi að vera og verði íslenska. En þó mæla sumir með því að enska verði í auknum mæli notuð í vísindum og atvinnulífi, jafnvel að Ísland eigi að verða eitthvað sem þeir kalla tvítyngt svæði.

Íslenskan fyrr og síðar

Innviðir þess ritstaðals, sem Íslendingar búa við, eru, eins og áður sagði, frá 12. og 13. öld svo að íslenska er með elstu lifandi ritmálum heimsins. Í umræðu um íslenska málrækt og málstefnu er oft vitnað til þessa samhengis og í nefndarálitum um íslenska málrækt frá 1986 er það beinlínis talið eitt af markmiðum málræktar að viðhalda samhenginu í þróun málsins.

Þótt þetta samhengi sé mikilvægt er varla raunhæft að ætlast til þess að íslensk málstefna gangi út frá þessu varðveislusjónarmiði einu. Ekki er hægt að krefjast þess að heilt málsamfélag hafi það sem sitt æðsta markmið að varðveita menningararf sinn jafnvel þótt hann sé gríðarlega merkilegur. Málrækt nýrrar aldar hlýtur að sækja röksemdir víðar.

Frá sjónarmiði einstaklings er tungumálið tæki til tjáningar og samskipta við aðra. Málvitund einstaklinga, ekki síður en persónuleiki þeirra, mótast umfram allt í uppeldinu og málið, sem barnið temur sér, mótast af því máli sem foreldrar, vinir og vandamenn tala. Málið verður hluti af sjálfsmynd einstaklingsins. Barnið, sem lærir móðurmál sitt, veit ekki annað en að það mál, sem það heyrir, sé allt góð og gild íslenska jafnvel þótt hinir fullorðnu viti hvað er íslenska og hvað slangur eða vont mál. Þetta ber að hafa í huga við máluppeldi. Þar sem mál er svona tengt sjálfsmynd er því oft þörf á nærgætni þegar að því kemur að dæma um málfar barna og annarra eða segja þeim til. Stundum vill brenna við að tillitssemi sé af skornum skammti.

Þótt mikilvægt sé að huga að hagsmunum einstaklinga og hafa beri í huga að of ströng umvöndun um mál getur verið meiðandi má eigi að síður færa fyrir því rök að lífsnauðsynlegt sé, eins og lagt er til í áðurnefndu álitum, að halda hinu innra samhengi málstaðalsins sem byggir á sögunni og viðhalda formgerð hans. Málið með öllum sínum afbrigðum og notkunarsviðum á að vera skiljanlegt sem flestum málnotendum, ungum og öldnum til sjávar og sveita og nokkurn veginn eins skipulegt eða reglulegt og unnt er að búast við af tungumáli. Mikilvægt er að ekki sé aukið á óreiðuna og undantekningarnar af mannavöldum frá því sem nú er undir yfirsíkinu umburðarlyndis.

Það er sem sé ástæða til að taka undir það sjónarmið sem fram kemur í skýrslunni frá 1986 að viðhalda beri eftir föngum innra samhengi tungumálsins á öllum sviðum: setningaskipan, orðmyndun, stafsetningu og framburði.

Málræktarstarf hér á landi á 19. og 20. öld hefur að mestu snúist um það að efla íslenskuna og gera hana færa um að takast á við nútímann og framtíðina. Hér

hefur verið unnið frábært starf sem margir af nágrönnum okkar öfundast út af og vildu gjarna vera í okkar sporum í málræktarefnum. Og óskandi er að rifrildi um tittlingaskít verði ekki ofan á þegar að því kemur að leysa þau raunverulegu vandamál sem blasa við íslenskri málrækt um þessar mundir.

Umdæmisvandinn

Ari Páll Kristinsson, forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar, hefur nýlega unnið skýrslu fyrir Norrænu ráðherranefndina um stöðu íslensku gagnvart ensku hér á landi og á fundi í Finnlandi í gær gerði hann grein fyrir niðurstöðunum, ásamt þeim sem unnið hafa svipaðar athuganir annars staðar á Norðurlöndum. Það að ráðherranefnd Norðurlanda hefur látið gera sérstaka athugun á þessu sýnir hversu alvarlegum augum þessar þjóðir líta málið.

Athugun Ara beinist að fimm sviðum: skólum, fjölmiðlum, háskólastarfi og vísindum, atvinnulífi og stjórnsýslu.

Meginniðurstaða skýrslunnar er að enska hafi (enn þá?) ekki náð yfirhöndinni á neinu af þeim sviðum sem rannsóknin beinist að. Það eru þó viss atriði í skýrslunni sem vekja spurningar og sumar af niðurstöðunum geta alls ekki talist jákvæðar.

Í skólastarfi virðist staða íslensku vera sterk og í námskrá er mikið lagt upp úr móðurmálskenndu og stjórnsýslumálið er nær eingöngu íslenska.

Ekki er eins björt mynd dregin upp af fjölmiðlum, sérstaklega ljósvakamiðlum, og verst er staðan í myndmiðlum. Í Ríkissjónvarpinu var um það bil helmingur alls efnis, sem sent var út tiltekna viku í september 2001, á íslensku. Samkvæmt eldri könnun, sem vitnað er til, var meðalhlutfall íslensks efnis Stöðvar 2 á árunum 1997-1999 einungis 10-20%. Talið er líklegt að framboð annarra sjónvarpsstöðva á íslensku efni sé enn minna, auk þess sem fjöldi landsmanna hefur aðgang að erlendu sjónvarpsefni í gegnum gervihnetti eða breiðband. Þess ber þó að geta í þessu samhengi að íslenskar kvikmyndir hafa verið í sókn og ástandið í þessum efnum hefur sennilega ekki versnað á síðasta áratug.

Þau svið, sem sérstök ástæða er til að hafa áhyggjur af, eru annars vegar atvinnulífið og ýmsar tæknigreinar og hins vegar háskólar og vísindasamfélagið.

Háskólar

Það færir í vöxt að ýmiss konar starfsemi á háskólastigi, sem svo er nefnt, fari fram á ensku. Þetta er sérstaklega áberandi í nýjum og minni stofnunum eins og Háskólanum í Reykjavík og Háskólanum á Akureyri. Þar eru ýmsar námsbrautir að hluta eða algerlega kenndar á ensku og skólarnir lýsa því yfir að þeir hyggist ganga enn lengra á þessari braut í framtíðinni.

Háskóli Íslands virðist raunar hafa nokkra sérstöðu hér þar sem langsamlega mestur hluti af kenndu hans fer, a.m.k. enn þá, fram á íslensku. Athygli vekur að þar eru það ekki síst grundvallargreinar í raunvísindum, eins og stærðfræði og eðlisfræði, sem með mestri samkvæmni bjóða kenndu á íslensku. Það er frekar í félagsvísindum og ýmsum nýrri greinum sem boðin eru námskeið á ensku.

Sérstaka athygli vekur skoðun Rúnars Vilhjálmssonar, prófessors í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands, en vitnað er til ummæla hans í *Morgunblaðinu* 1. júlí 2001. Þar stendur orðrétt:

Á miðöldum var alþjóðlega vísindatungumálið latína. Á 19. öld kom afturkippur í alþjóðlega þróun vísinda um leið og sú krafa var gerð að vísindamenn skrifuðu á móðurmáli sínu. Um leið einangruðust margir í fræðum sínum, höfðu lítil áhrif og fóru á mis við þann samanburð og hágæða rýni sem er metnaðarfullri fræðimennsku

nauðsynleg. ... Ég tel að þegar vísindamenn skrifi strang-fræðileg verk muni menn að mestu leyti snúa sér að ensku í félags- og hugvísindum í framtíðinni.

Við þessa söguskoðun er ýmislegt að athuga. Að mati sagnfræðinga má segja að 19. öldin hafi verið allra mesta blómaskeið vísinda frá upphafi mannkyns. Oft er sagt að á 19. öld einni hafi verið gerðar jafnmargar merkar uppgötvanir í raunvísindum og samanlagt á öllum öldum mannkynssögunnar fram til þess. Og að mati margra er þessi þróun vísindanna megineinkenni 19. aldarinnar. Menn halda kannski að 20. öldin sé mesta vísindaöld sögunnar og vissulega urðu þá miklar framfarir. En kannski er hún fyrst og fremst tækniöld. Hinn vísindalegi grunnur að tækniþróun 20. aldar var að verulegu leyti lagður á 19. öld. Í ljósi þessa verður að telja að ummæli prófessorsins séu vægast sagt furðuleg og spyrja má hvað býr að baki.

Atvinnulífið og tæknin

Niðurstöður úr sérstakri athugun, sem Ari Páll gerði á starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, eru einkar fróðlegar. Fram kemur að af 550 starfsmönnum fyrirtækisins hafa 80 eða tæp 15% annað móðurmál en íslensku og starfsmenn eru af 20 ólíkum þjóðernum.

Meginniðurstaða Ara er sú (bls. 38) að starfsmenn Íslenskrar erfðagreiningar noti ensku alltaf þegar nauðsynlegt er að allir skilji og það þarf því ekki nema einn útlending í samræðuhóp til að allir fari að tala ensku.

Hins vegar tala Íslendingar að jafnaði íslensku sín á milli ef enginn útlendingur er viðstaddur en það kemur fyrir að jafnvel þeir noti ensku ef óvissa ríkir um íslensk íðorð en þá er enska notuð til að forðast misskilning. Allt, sem krefst nákvæmni, kallar á ensku en hins vegar segir frá því að það komi fyrir að útlendingar og Íslendingar tali saman á íslensku yfir hádegisverði.

Fyrirtækið býður upp á námskeið í íslensku fyrir útlendingana sem þar starfa og allir útlendingarnir, sem rætt var við, höfðu notfært sér þessi námskeið að einhverju marki. En þeir gera þetta frekar af áhuga en nauðsyn. Einn orðar það svo að það sé skynsamlegt („makes sense“) að læra málið sem talað er í landinu þar sem maður býr.

Svo virðist mega álykta að hér sé umdæmisvandi íslenskunnar sýndur í hnotskurn. Því hefur t.d. verið haldið fram að skortur á íðorðum sé upphaf þess að tungumál missa umdæmi. Málin verða ónothæf vegna þess að orðin eru ekki til og í stað þess að sletta stöðugt er einfaldara að nota bara alþjóðatunguna enda nota Íslendingarnir ensku til að tala saman þegar íslensk orð vantar.

Einnig má sjá hér merki þess að enska sé notuð í „mikilvægara“ umhverfi en íslenska. Útlendingar læra íslensku sér til gamans og til að kynnast framandi menningu og hún er notuð í matarhléum og kaffitímum. Hér má minna á hugtakið *eldhúsmál* sem stundum hefur verið notað í þessu samhengi.

Hvað er til ráða?

Rétt er að taka fram að ekki er hér hægt að sakast við einstaka menn eða einstök fyrirtæki heldur er þetta vandi samfélagsins alls. Umhverfið í því fyrirtæki, sem hér greinir frá, er örugglega ekki einsdæmi og starfsmenn vinna án efa af heilindum að þeim verkefnum sem þeim eru fengin. Á það jafnt við um tæknistörfin og þá tilburði sem viðhafðir eru til að kenna útlendingunum íslensku. En öllum, sem þessu máli tengjast, er vandi á höndum. Framtíðarþróunin ræðst af því hvernig upprennandi kynslóðir bregðast við þessum vanda.

Svar 20. aldar við þeim vanda tungunnar, sem við blasti við upphaf aldarinnar, var íðorðastarf og í grunninn byggðist það á áhuga þeirra sérfræðinga, hvers á sínu sviði, sem tóku þátt í því. Ekki er vitað á þessari stundu hvernig næstu kynslóðir meta gildi þess að viðhalda samhenginu í íslenskri málþróun og þess að íslenska verði notuð á sem flestum sviðum. Lítið er vitað um afstöðu ungs fólks í þessum efnum. Ekki er heldur vitað hversu útbreidd notkun ensku er almennt í atvinnurekstri og vísindum hér á landi.

Hvað geta stjórnvöld og aðrir ábyrgir aðilar í þjóðfélaginu lagt af mörkum í þessu sambandi? Ef til vill er ábyrgð menntakerfisins, og sérstaklega háskólastigsins, mest.

Bent hefur verið á að sú tíska virðist uppi að líta á ensku sem alheimsmál og ungir vísindamenn eru hvattir til að stunda fræði sín á ensku frekar en íslensku. Háskólakennarar hljóta t.d. meiri umbun fyrir rit sem þeir birta á ensku en á íslensku. Þegar þetta er skoðað í ljósi tilbúinna sagnfræðiskýringa, eins og þeirrar að notkun móðurtungna í vísindum sé þar dragbítur á framþróun, er ástæða til að staldra við. Frekar en draga þær ályktanir, sem dregnar hafa verið, af kostum þess að hafa alþjóðamál, virðist mega snúa dæminu við og halda því fram að notkun alþjóðatungunnar latínu hafi á sínum tíma valdið stöðnun og einangrun vísindanna frá fólkinu. Þegar menn tóku að rita á móðurtungum sínum hafi hins vegar leyst afl úr læðingi sem varð til þess að gróska hljóp í vísindin.

Framtíðarstefnan

Innan Íslenskrar málnefndar hefur að undanförunni verið unnið að því að móta tillögur um stefnu í málræktarmálum og málefnum tungunnar og þegar rýnt er í framtíðina eru þar settir upp þrír „kostir“ um þróun málstaðla á Íslandi á 21. öldinni.

Fyrsti kosturinn er sá að samhengi íslensks ritmáls haldist og saga íslenskrar tungu haldi áfram með svipuðum hætti. Þetta fæli það í sér að áfram yrði lögð rækt við íslensku með svipuðum hætti og verið hefur.

Annar kosturinn, sem minnst er á, er að til verði nýr ritmálsstaðall, eins konar nýíslenska. Þetta gæti gerst ef menn breyta að marki þeirri stefnu sem viðurkennd hefur verið (t.d. því að nota frekar innlend orð eða vel aðlöguð tökuorð en hráa útlensku). Einnig yrðu nýjungar í framburði, beygingu og setningaskipan teknar inn í ritmálið svo fljótt sem þurfa þætti, t.d. til að auðvelda nýjum kynslóðum að ná tökum á rituðu máli. Þetta yrði allt sett undir stefnu sem einkennd væri með frönsku orðunum *laissez-faire*. Ekki er auðvelt að spá fyrir um þá þróun sem þessu fylgdi en hugsanlegt er að fljótlega þyrfti að fara að þýða 20. aldar texta, a.m.k. þá frá fyrri hluta aldarinnar, yfir á þetta nýja mál.

Þriðji kosturinn væri sá að erlendir málstaðlar ryddu sér til rúms í auknum mæli, þannig t.d. að enska yrði meira notuð í ýmsum atvinnugreinum og í skólakerfinu.

Fyrsti kosturinn er sá eini sem hægt er að mæla með sem markmiði í íslenskri málpolitík á 21. öld.

Hér verða taldar upp jafnmargar ástæður fyrir þessari stefnu og kostirnir eru sem taldir voru upp en um þetta mætti flytja langt mál.

Fyrst er þess að geta að æskilegt er að viðhalda lifandi tengslum við íslenskan bókmenntaarf. Íslenskar bókmenntir og íslensk menning eru verðmæti í sjálfum sér og þær eru meira virði sem hluti af lifandi menningu en sem safngripir sem einungis væri hægt að nálgast í þýðingum.

Önnur röksemd er að staðall, sem er í lifandi tengslum við verk Snorra Sturlusonar og Halldórs Laxness, við íslenskt laga- og stjórnsýslumál og við

málræktarhefð 19. og 20. aldar, mun eiga auðveldara með að takast á við umdæmisvandann, sem ræðir um hér að framan, en nýr staðall sem ekki byggir á þessari hefð. Mikinn innri kraft þyrfti í þá rótlausu nýíslensku til að hún stæðist enskunni snúning.

Ekki er heldur hægt að mæla með þriðja kostinum því honum fylgja margs konar vandamál sem ekki er ljóst hvernig leysa ætti. Hér má benda á að yrði tekinn upp erlendur málstaðall og hann ryddi sér hér til rúms yrði Ísland jaðarsvæði, án miðju. Menningarleg og e.t.v. pólitísk miðja myndi flytjast úr landi. Gera má ráð fyrir að það afbrigði heimsmálsins, sem hér myndi þróast (hugsanlega enskt pidgin, með líkum eiginleikum og prentsmiðjudanska í eina tíð), ætti í jafnmikilli og raunar meiri vök að verjast gegn umheiminum en sá staðall sem við búum nú við. Eina raunhæfa lausnin virðist því að viðhalda íhaldsseminni; eini málstaðallinn, sem á sér lífsvon hér á landi í framtíðinni, er sá sem við nú höfum.

Lokaorð

Ljóst er að enska sækir víða á, ekki síst í tækni og ýmsum atvinnugreinum og að hluta í vísindum. Nauðsynlegt er að stjórnvöld og aðrir hugi að leiðum til að sporna gegn því að íslenska missi gildi sitt á þessum sviðum. Verði íslenska ekki nothæf á öllum sviðum mannlífsins er henni hætta búin.

Sérstaklega ber að styðja við bakið á háskólum landsins og hvetja þá til að stunda raunverulegan innflutning á þekkingu sem er innflutningur á upplýsingum sem landsmenn geta nýtt sér með því að nota móðurmálið. Sú þekking sem háskólar flytja inn í landið og sú nýja þekking sem þeir skapa verður að vera til á íslensku; einungis þannig á hún greiða leið til komandi kynslóða sem hafa íslensku að móðurmáli eða hafa tileinkað sér hana sem nýir þjóðfélagsþegnar af öðrum uppruna.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.